



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Þriðjudaginn 18. apríl 2017 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 17.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Þróstur Líndal, Bragi Þór Haraldsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Skipulagsmál

a) Melstaðatún – deiliskipulag

Fyrir fundinum lá tillaga að deiliskipulagi Melstaðatúns sem hefur verið auglýst og auglýsingartíma lokið. Borist höfðu athugasemdir við frá eftirtöldum: Grétu Jónsdóttur f.h. eigenda Laufáss sem mótmælir skerðingur lóðar við Laufás I og II og svarbréf sveitarstjóra um lóðastærðina þar sem fram kemur að lóðin sé af þeirri stærð sem óskað hafi verið eftir með bréfi Grétu 7. júlí 2014 og var til umfjöllunar 16. september 2014. Einnig lá fyrir fundinum bréf fulltrúa heilbrigðiseftirlits sem gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Svohljóðandi afgreiðsla var bókuð:

Tekið var fyrir deiliskipulag Melstaðatúns. Deiliskipulagið var auglýst frá 7. febrúar 2017 með athugasemdarfresti til 31. mars 2017. Ein athugasemd barst á auglýsingatíma. Nefndin hefur fjallað um athugasemdina en fellst ekki á stækkun lóðar umfram það sem kemur fram í deiliskipulaginu enda hafi þegar verið orðið við óskum bréfitara. Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag fyrir sitt leyti og vísar deiliskipulagstillögunni til sveitarstjórnar og leggur til að sveitarstjórn afgreiði hana til endanlegrar samþykktar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

b) Afgreiðslur skipulags- og byggingafulltrúa

Bragi Þór greindi frá þeim verkefnum sem byggingarfulltrúi hafi tekið til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fram kom að 17. mars 2017 var veitt byggingarleyfi fyrir breytingu á Einbúastíg 3 til að innrétta þar gistiheimili og breytt útlit hússins. Málið var til kynningar.

2. Höfnin

a. Ársreikningur hafnar 2016

Fyrir fundinum lá ársreikningur hafnarinnar 2016. Samkvæmt reikningnum voru tekjur hafnarinnar 54,5 milljónir og rekstrargjöld 35,5 milljónir. Rekstrarafgangur var því 19 milljónir.



Ársreikningurinn var til kynningar.

b. Gjaldskrá hafnar

Fyrir fundinum lá gjaldskrá hafnarinnar 2017 sem hafði áður hlotið samþykki sveitarstjórnar. Nefndin fjallaði um gjaldskrána og gerði nokkrar athugasemdir.

c. Undirbúningur að byggingu smábátahafnar

Formaður og sveitarstjóri greindi frá stöðu undirbúnings að gerð smábátahafnar austan Skúffugarðs. Umsókn um framlag af fjárlögum 2017 skilað ekki þeim árangri að hægt sé að hefjast handa við byggingu hafnarinnar á þessu ári. Unnið hafi verið að endanlegri útfærslu á hönnun mannvirkja og á fundi 10. apríl sl. með fulltrúum siglingasviðs Vegagerðarinnar hafi verið komið á framfæri ábendingum varðandi hönnun. Á fundinum var lagt fram minnisblað og nýr uppdráttur af smábátahöfn sem gerð var í framhaldi af fundi með fulltrúum siglingasviðs. Tillagan var rædd og gerðar ábendingar um fyrirkomulag innan smábátahafnarinnar.

4. Önnur mál.

- Gerð var fyrirspurn um dufl við Brúnkollu og var upplýst að duflið sé komið og verið að útvega botnfestur. Duflið verði sett niður á næstu vikum.
- Bent var á að gera þurfi gangskör að því að endurbæta dekkjamottur á hafnarköntum. Sveitarstjóri upplýsti að málið væri í vinnslu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.45
